

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Haukadalur 4, Hótel Geysir.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til deiliskipulags að Hótel Geysi og þjónustumiðstöðvar á skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði að Haukadal 4. Í breytingunni felst m.a. að deiliskipulagsreitur stækkar og verður 26 ha í stað 13 ha áður.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. maí 2024.

Deiliskipulag, Myrkholt, L217197, verslunar- og þjónustulód.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til verslunar- og þjónustusvæðis VB25 í landi Myrkholtis 1. Í deiliskipulaginu er meðal annars gert ráð fyrir heimild til að stækka núverandi hús um allt að 600 fm.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. maí 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Tunguholt 1, L227467, stækkun lóðar.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Tunguholtis 1, L227467. Í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingarreits.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. apríl 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. maí 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.